

Föstudaginn 29. september 1995.

Nr. 320/1995.

Ragnar Böðvarsson

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Jarðeignum ríkisins

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðinn 7. september 1995, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, komi fyrir dóm til munnlegrar skýrslugjafar. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, hvað varðar skýrslu af Steingrími J. Sigfússyni, og heimilað verði, að hann komi fyrir dóm til skýrslugjafar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Mál þetta sætir meðferð eftir 13. kafla laga nr. 90/1989. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna skulu vitnaleiðslur að jafnaði ekki fara fram í slíkum málum. Af hálfu sóknaraðila hafa ekki verið færð fram rök fyrir því, að undantekning frá þeirri meginreglu verði gerð í máli þessu. Verður því fallist á niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ragnar Böðvarsson, greiði varnaraðila, Jarðeignum ríkisins, 75.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 7. september 1995.

Í máli þessu liggur fyrir að taka afstöðu til þess, hvort fram nái að ganga sú krafa gerðarþola, að Steingrímur Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðar-ráðherra, og Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, verði leiddir fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar fyrir munnlegan mál-flutning, sem ákveðinn hefur verið 2. október nk., Steingrímur Sigfússon sem vitni, en Jón Höskuldsson sem aðili sóknar megin.

Af hálfu gerðarbeiðanda var litið svo á, að þessir einstaklingar væru það nátengdir gerðarbeiðanda, að líta yrði á þá sem aðila sóknar megin. Því var jafnframt lýst yfir, að af hálfu gerðarbeiðanda yrði ekki gerður reki að því, að þessir einstaklingar kæmu fyrir dóminn, og væri auk þess ljóst, að þeir hefðu ekkert frekar um málið að segja en fram kæmi í gögnum málsins. Málsaðilar lögðu þennan ágreining í úrskurð dómara, en framangreind krafa gerðarþola kom fram í þinghaldi í dag.

Mál þetta, sem gerðarbeiðandi höfðar á grundvelli 12. kafla laga nr. 90/1989, var þingfest 24. ágúst sl. Var þá sótt þing af hálfu gerðarþola og málinu frestað til dagsins í dag, svo að málsaðilum gæfist kostur á að skila greinargerðum og sýnilegum sönnunargögnum, sbr. 1. mgr. 83. gr. laganna. Í máli þessu krefst gerðarbeiðandi útburðar gerðarþola af jörðinni Kvistum, Ölfushreppi. Málsmeðferð fer að hætti 12. og 13. kafla laga nr. 90/1989, en hér er um beina aðfarargerð að ræða. Meðferð málsins ber að hraða í samræmi við eðli kröfunnar og ákvæði aðfararlaga. Kemur þetta m. a. skýrt fram í 83. gr. laganna, sem mælir fyrir um það, að ef sótt er þing af hálfu gerðarþola og varnir, sem ekki verði þegar vísað á bug, koma fram gegn aðfararbeiðni, skuli málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerðar og öflunar sýnilegra sönnunargagna um ágreiningsefnið. Í samræmi við þetta ákvæði var málinu frestað til dagsins í dag og málsaðilum þá gert að leggja fram greinargerðir og skjöl til stuðnings kröfum sínum. Í framangreindri lagagrein kemur einnig fram, að ef sátt tekst ekki, skuli málið síðan sótt og varið munnlega, en vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara. Í þessari meginreglu felst, að alveg sérstök sjónarmið þurfi að liggja til þess, ef leyfa ætti vitnaleiðslur í málum, sem höfðuð eru á grundvelli 12. kafla aðfararlaga, laga nr. 90/1989. Í meginreglunni felst einnig, að aðfararhæfar kröfur eiga að vera það skýrar, að þær þarfnist ekki stuðnings af sönnunargögnum sem þessum. Ef krafan er þannig óljós og illa skýrð, ber væntanlega að hafna kröfunni, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna, en þar segir, að að jafnaði skuli hafna aðfararbeiðni, ef varhugavert verði að telja, að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla.

Gerðarþoli hefur ekki skýrt, í hvaða tilgangi skýrslugjöf framangreindra einstaklinga er nauðsynleg, en hreyft því sjónarmiði, að munnlegur framburður þeirra kynni að vera í ósamræmi við skjöl málsins. Í greinargerð gerðarþola, sem lögð var fram í dag, er ekki að finna áskilnað um, að framangreindir einstaklingar verði leiddir fyrir dóminn fyrir munnlegan málf lutning. Þá verður einnig að fallast á það sjónarmið gerðarbeiðanda, að líta verði á þessa einstaklinga sem aðila sóknar megin, þar sem staða þeirra innan ráðuneytisins sé slík, að þeir hafi haft ákvörðunarvald um þá hagsmuni, sem hér er deilt um. Má í þessu sambandi vísa til 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, en þar kemur fram, að þegar ríki, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld eiga aðild að máli, komi sá fram sem fyrrsvarsmaður, er hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans, sem sakarefnið varðar. Samkvæmt því á gerðarþoli ekki möguleika á því að leiða einstaklinga þessa fyrir dóminn, og ljóst er, að umboðsmaður gerðarbeiðanda mun ekki gera það. Með vísan til framanritaðs, sbr. einnig 1. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989, verður að hafna kröfu gerðarþola um, að Steingrímur Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson deildarstjóri komi fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar í máli þessu.

Ekki er krafist málskostnaðar, og verður hann því eigi dæmdur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarþola um, að Steingrímur Sigfússon, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, og Jón Höskuldsson deildarstjóri komi fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar í máli þessu, er hafnað.